

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2017

1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2017 voru 871 í dagskóla. Að auki tóku 115 grunnskólanemendur áfanga í vali, einn áfanga á einu ári og síðan voru 11 nemendur í fjarnámi í netagerð, margir þeirra að koma inn eftir að hafa farið í gegnum raunfærnimat. Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Nemendur voru 969 í dagskóla á haustönn, 2 fjarnámsnemar og 99 grunnskólanemar eða samtals 1070.

Allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en nýnemar voru álíka margir og árið áður eða 256. Það sem vakti athygli var kynjaskiptingin meðal nýnema en 62,5% voru drengir en stúlkurnar voru 37,5%.

Hafa ber í huga að mikil fjölgun er á svæðinu umfram það sem spáð hafði verið fyrir tveimur árum en þá var gert ráð fyrir fækkun á næstu árum í hverjum árgangi. Fjöldi í næstu árgöngum samkvæmt tölum frá grunnskólunum á svæðinu frá í haust má sjá á meðfylgjandi töflu.

1. bekkur 2011	2. bekkur 2010	3. bekkur 2009	4. bekkur 2008	5. bekkur 2007	6. bekkur 2006	7. bekkur 2005	8. bekkur 2004	9. bekkur 2003	10. bekkur 2002
416	368	390	358	364	323	336	326	324	305

Fjöldatölur á hvorri önn má sjá á eftirfarandi töflu

	vor 2017	haust 2017
Dagskólanemendur	871	969
Fjarnámsnemendur	11	2
Grunnskólanemendur	115	99
Alls	<u>997</u>	<u>1070</u>

Drengir voru að sama skapi fjölmennari en stúlkur í heildina en aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni eins og jafnan áður. Athygli vekur að nemendum á almennum brautum hefur fjölgað mikið frá því sem var, mest nýnemar, en þeir sem velja stuttar starfsnámsbrautir hefur fækkað. Rétt um helmingur nemenda var á stúdentsbrautum og stúlkur í miklum meirihluta þar, síðan komu starfsnáms- og verknámsbrautir en strákar voru þar í miklum meirihluta. Rétt er að geta þess að skólinn hefur fjölgað stúdentsbrautum um þrjár með því að breyta þremur þriggja ára starfsnámsbrautum í stúdentsbrautir. Þetta

skýrir að hluta fækkunina sem kemur fram á starfsnámsbrautum. Annað sem vekur athygli í þessum tölum er kynjaskiptingin sem kemur fram. Stúlkur sækja í stúdentsnám mun frekar en strákar en þeir sækja mun meira í verknám. Árgangurinn sem kom inn haustið 2017 var slakari námslega en verið hefur sem sést best á því að um helmingur nýnema var að innritast á almennar brautir (uppfyllti ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir þar sem þau voru með stjórnmerkta einkunn, C eða D í kjarnagreinum) eða starfsbraut. Einnig vekur athygli að stúlkur úr 10. bekk sem voru að taka valgreinar voru mun fjölmennari en strákarnir og þær sóttu í bóklega áfanga en strákarnir í verklega.

Skipting nemenda á námsbrautir dagskóla haust 2017 greind eftir kyni.

Námsbrautir	2017		2017- hlutfall	
	kk	kvk	kk	kvk
<i>Almennar brautir</i>	98	60	18%	14%
<i>Starfsbraut</i>	33	16	6%	4%
<i>Starfsnám</i>	63	47	12%	11%
<i>Stutt starfsnám</i>	47	42	9%	10%
<i>Stúdentsbrautir</i>	178	245	33%	58%
<i>Verknám</i>	125	11	23%	3%
	544	421	100%	100%
<i>10. bekkur</i>	28	71		

Á meðfylgjandi töflu má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir eins og hún var síðastliðið haust. Flestir nemendur komu héðan af svæðinu eða tæp 96% og flestir úr Reykjanesbæ eða rétt um 67%. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvaðan nemendur skólans eru að koma. Einnig eru tvær töflur sem sýna aldursdreifingu nemenda annarsvegar sem hlutfall yfir nokkur ár og miðast við nemendur á haustönn og svo aðra skipt eftir kyni fyrir báðar annir.

Búsetudreifing haust 2017

Heimili	Hlutfall
Garður	7,9%
Grindavík	12,2%
Reykjanesbær	66,6%
Sandgerði	6,8%
Vogar	2,2%
Annarsstaðar frá	4,2%

Aldursdreifing haust 2017

Það er forvitnilegt að skoða árgang 2000 sem hafa verið í skólanum í eitt ár (haust 2016 og vor 2017) drengjum fækkar um 6 prósent en stelpum fjölga um 4 prósent ef horft er til þeirra úr þessum árgangi sem innrituðust á haustönn 2016. Þetta sýnir að drengir eru mun líklegri til að hverfa frá námi strax á fyrsta ári en stúlkurnar eru meira að skipta um skóla. Þessi breyting verður enn meira áberandi fyrir árgang fæddan 1999, en þá verður 11% fækkun í hópi drengja en 7% fækkun stúlkna. Þar getur verið að einhverjir í þeim hópi séu að ljúka tveggja ára framhaldsskólabraut og ætla að láta það duga.

2001	26,1%
2000	23,9%
1999	19,9%
1998	12,1%
1997	7,5%
1996	3,8%
1995	1,3%
1994	1,3%
1993	0,6%
eldri	3,3%

Aldurssamsetning nemendahópsins vor og haust 2017

Vor 2017			Haust 2017		
Fæðingarár	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
			2001	28,8%	22,5%
2000	28,3%	24,7%	2000	24,4%	23,5%
1999	20,5%	28,4%	1999	16,8%	23,9%
1998	17,1%	20,6%	1998	11,8%	12,6%
1997	14,9%	12,8%	1997	8,3%	6,4%
1996	7,4%	4,7%	1996	4,6%	2,8%
1995 og fyrr	11,8%	8,9%	1995	5,4%	8,3%

2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans www.fss.is/index.php/namid/brautir. Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Búið er að setja upp sjö stúdentsbrautir í námskrárgrunninum og þær hafa hlotið samþykki ráðuneytisins. Á árinu var unnið að því að setja upp þrjár aðrar brautir til viðbótar þeim þremur sem fyrir voru og síðan eina til sem er viðbótarnám eða tæknistúdent. Þrjár voru búnar til úr þriggja ára starfsnámsbrautum tengdar tölvufræðibraut, listnámsbraut og íþróttabraut. Þær eru 200 f-einingar eins og hinar og eru skipulagðar þannig að nemendur eiga að geta lokið þeim á þremur árum. Búið er að setja inn framhaldsskólabrautirnar (sem eru 10) og þá eru 18 brautir komnar inn í námsskrárgrunninn. Einungis er eftir að setja inn verknámsbrautirnar en vinna við þær hefur tafist en beðið er eftir að þær komi frá starfsgreinaráðunum til afgreiðslu hjá menntamálastofnun og verður því vonandi lokið fljótlega. Þar ætlum við að fylgja þeim verknámsbrautum sem fara í gegn.

Markmiðið með starfsnámsbrautunum (framhaldsskólabrautunum) er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknaðmál en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði.

Starfsbrautinni breytt og búin var til framhaldsskólabraut-starfsbraut fyrir þá nemendur sem áður höfðu verið á st-1. Með því er verið að skilja þá nemendur aðeins frá þeim nemendum sem þurfa meiri aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Verknámsbrautirnar eru ekki komnar í grunninn en byrjunaráfangarnir eru komnir með nýjum heitum. Á haustönninni kom upp hjá nemendum ósk um að flytja sig yfir á nýju brautirnar af gömlu stúdentsbrautunum og voru þeir nemendur að gera það til að flýta fyrir sér í námi um eina önn líkt og þeir gerðu á haustönn 2016 eða fækka þeim áföngum sem þeir þurftu að taka til að ljúka námi. Á vorönn 2018 er gert ráð fyrir því að slíkum tilfærslum verði lokið og eftir það verði einungis um útskrift til stúdentsprófs af nýju brautunum að ræða.

Nokkur verkefni voru í gangi á árinu sem voru styrkt. Styrkur fékkst frá ráðuneytinu til að vinna gegn brotthvarfi eins og á fyrra ári. Ráðinn var verkefnastjóri í hálfu starf til að halda utanum það verkefni á vorönninni en í fullt starf á haustönn. Hann átti meðal annars að móta og setja upp leið eða aðferð sem nota má til að draga úr brotthvarfi. Samningur sem gerður var við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar til tveggja ára og gengur útá að fá þjónustu sálfræðinga í hálfu starfi og er nú seinna skólaárið í gangi. Þetta verkefni hefur gengið vel og nú þarf að taka ákvörðun um framhaldið. Styrkur fékkst til að sinna betur menningarlausni nýbúa og kynna þeim ýmislegt í menningu lands og þjóðar, skýrslu um það verkefni var skilað inn í júní. Eitt Evrópuverkefni er í gangi um vendikennslu í verklegu námi og lýkur því á vorönn 2018. Þá var kennaraskiptaverkefni í gangi við skóla í Ungverjalandi og fóru fimm kennarar frá okkur til Ungverjaland haust 2017 og jafn margir Ungverskir kennarar þaðan heimsóttu okkur. Þá má einnig telja með vinaverkefnið sem við höfum haldið úti að hluta til á þeim styrk sem við fengum í brotthvarfsverkefnið. Það verkefni gengur út á að halda utanum og aðstoða nemendur sem eru félagslega einangraðir og eiga ekki vini. Stofnaður var hópur sem kynntist og gerði margt skemmtilegt saman, fór í bíó, á kaffihús o.fl. Þetta gekk mjög vel og var mikil ánægja með verkefnið hjá þátttakendum.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatsskýrslu sem má nálgast á heimasíðunni og einnig er hún birt í skólaskýrslunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Skólinn var tekinn í ytra mat á vegum ráðuneytisins á haustönn 2016. Skýrsla með niðurstöðum þeirrar úttektar er á vef ráðuneytisins og á heimasíðu skólans. Í framhaldi af því var unnin úrbótaáætlun og skilað inn. Skýrslu varðandi úrbæturnar hefur verið skilað til ráðuneytisins og telst því máli lokið.

Í innra mati skólans hafa alltaf verið sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum kennslumatið. Niðurstöður þriggja anna má sjá í töflunni hér að neðan. Markmið ofantalinna viðmiðunarþátta náðust að mestu fyrir 2017. Þar er ánægjulegt að sjá að líðan nemenda batnaði mikið milli haustanna 2016 og vor 2017 og er yfir viðmiðunarmörkum. Það gæti verið að sú stoðþjónusta sem sett var upp á haustönninni hafi skilað árangri. Hinsvegar er vonbrigði að sjá að fyrir haustönn 2017 þá dettur líðanin niður fyrir viðmiðunarmörk og er verri en verið hefur lengi. Það er freistandi að telja þetta vera vegna nýnemanna sem innritaðir voru síðastliðið haust. Stór hluti þeirra fór á almenna braut og er í hópi þeirra sem eru í mestri brotthvarfshættu eins og áður er talið. Jákvætt er að brotthvarfið er á niðurleið en samt er ekki gott að þeir nemendur sem hætta alveg í skóla eða segja sig úr skóla hefur fjölgað frá því sem var. Telja má að sú vinna sem verið hefur í gangi til að sporna gegn brotthvarfi hafi skilað þessum árangri.

	Haust 2016	Vor 2017	Haust 2017	viðmið
Kennslumat almennt	4,18	4,44	4,24	4
Hvatningin	3,95	4,25	4,12	3,8
Hrósið	4,04	4,26	4,16	3,8
Líðan	4,31	4,5	4,24	4,25
Brotthvarf	11,30%	9,60%	9,20%	10%
Hættu á önninni	54 (5,4%)	45 (4,9%)	60 (6,2%)	

Brotthvarfið hefur því miður verið of mikið undanfarnar annir og verið að sveiflast á bilinu frá 6,5% upp í rúm 11% sem er of hátt. Þar er miðað við þá sem ekki ljúka prófi en voru skráðir í upphafi, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu hér að ofan.

Þeir sem hætta á önninni eru taldir í næstu línu fyrir neðan og það eru of margir sem halda ekki út og hverfa frá námi. Það er líka illt til þess að vita að 10% nýnema sem innrituðust haust 2016 hurfu frá námi á önninni.

Hluti brotthvarfsins stafar vegna kvíða og andlegra erfiðleika og þar átti sálfræðiþjónustan að koma inn. Verkefnastjórinn fékk það hlutverk að halda utanum þann hóp sem í gegnum tíðina hefur skorað hátt í skimunarprófi Stelli Blöndal, og verið hefur á mætingarsamningi.

Þó má hafa í huga að brotthvarf á haustönn er alla jafnan meira en á vorönn. Þarna vantar inní tölur fyrir þá nemendur sem hætta eftir önnina og koma ekki á næstu önn. Það er jákvætt að dregið hafi úr brotthvarfi milli anna en um leið er hryggilegt hversu stór hluti nýnema hverfur frá námi strax á fyrstu önn. Þar má hafa í huga það sem nefnt var hér fyrir að um helmingur nýnemahópsins var að innritast á almennar brautir eða starfsbraut og mikill meirihluti þeirra er strákar. Skuldbinding þessa hóps gagnvart námi er lítil og hluti þeirra kemur aftur í skóla að einhverjum tíma liðnum en þá er oft erfiðara að taka upp þráðinn aftur. Hugsanlega spilar bætt atvinnuástand á svæðinu inní þarna. Þetta gæti

jafnframt verið skýringin á því að líðan nemenda er undir viðmiðum fyrir haustönnina þrátt fyrir aukna þjónustu við nemendur varðandi þessa þætti eins og sálfræðiþjónusta og aukin umsjón.

Skólinn hefur undanfarin ár verið þátttakandi í skimunarverkefningu sem Stella Blöndal hefur séð um og mun verða það ef verkefnið heldur áfram. Námsráðgjöf og ut anumhald hefur verið aukið með þeim hópi sem er hvað lakastur og í mestri brotthvarfshættu en það eru nemendur á almennum brautum, fornámi, og starfsbraut eins og fram kom hér að ofan. Námsleiðum hefur fjölgað, námsráðgjöf verið aukin og kennsluháttum breytt. Lykilatriðið varðandi brotthvarf virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr þessu brotthvarfi og auka um leið fjölda útskrifaðra. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi og því er of snemmt að afskrifa þetta strax.

2. Útskrift

Alls voru 182 nemendur útskrifaðir frá skólanum árið 2017, 87 karlar og 95 konur, auk þess voru nemendur á almennri braut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Skipting útskrifaðra á annir var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut

Fjöldi sem lauk prófi á hvorri önn.

Útskriftarbrautir	alls	ste	str	alls	ste	str
Félagsfræðabraut FÉ99	13	9	4	7	5	2
Fjölgreinabraut FJ15	27	17	10	46	27	19
Náttúrufræðibraut NÁ99	22	12	10	4	2	2
Málabraut MB99	2	2	0			
Viðskipta- og hagfræðibraut VH	3	2	1	3	2	1
Viðbótarnám til stúdentsprófs VN	13	3	10	12	4	8
Íþróttabraut	4		4	2	1	1
Listnámsbraut - textíl- og hönnunarlína	2	2		5	5	
Löggæslu- og björgunarbraut LOB	1		1			
Netagerðarbraut NG9	2		2			
Rafiðngreinar	2		2	2		2
Tölvufræðibraut TFB	4		4	9		9
Vélstjórn, VVA	1		1	2		2
Vélstjórn, VVB	3		3	2		2
Sjúkraliðabraut-03 SJ	6	6		2	2	
Starfsbraut ST1	4	1	3			
Framhaldsskólabraut	1		1			
Raunvísindabraut 2015 RAU15				1		1
Tölvuþjónustubraut TPB				1		1
	110	54	56	0	98	48
						50

Á eftirfarandi töflu má sjá dreifingu nemenda eftir kyni á brautirnar og eins hlutfallsskiptingu nemenda beggja anna á brautir. Það má sjá að stelpur sækja í mun meira mæli á stúdentsbrautir en strákar fara í verknám og síðan eru þeir frekar að taka í framhaldi

af því viðbótarnám til stúdentsprófs. Nokkrar brautir eru mjög kynjaskiptar en það á við verknámsbrautirnar og tölvufræðibrautina en á þær sækja eingöngu strákar. Eingöngu stelpur eru síðan í sjúkraliðanámi og listnáminu.

Tæp 74% útskriftarnema úr skólanum eru að ljúka stúdentsprófi, einhverjir þeirra samhliða öðru prófi úr starfs- eða verknámi.

Útskriftarbrautir	heild	ste	str
Félagsfræðabraut FÉ99	9,6%	13,7%	5,7%
Fjölgreinabraut FJ15	35,1%	43,1%	27,4%
Náttúrufræðibraut NÁ99	12,5%	13,7%	11,3%
Málabraut MB99	1,0%	2,0%	0,0%
Viðskipta- og hagfræðibraut VH	2,9%	3,9%	1,9%
Viðbótarnám til stúdentsprófs VN	12,0%	6,9%	17,0%
Íþróttabraut	2,9%	1,0%	4,7%
Listnámsbraut - textíl- og hönnunarlína	3,4%	6,9%	0,0%
Löggæslu- og björgunarbraut LOB	0,5%	0,0%	0,9%
Netagerðarbraut NG9	1,0%	0,0%	1,9%
Rafiðngreinar	1,9%	0,0%	3,8%
Tölvufræðibraut TFB	6,3%	0,0%	12,3%
Vélstjórn, VVA	1,4%	0,0%	2,8%
Vélstjórn, VVB	2,4%	0,0%	4,7%
Sjúkraliðabraut-03 SJ	3,8%	7,8%	0,0%
Starfsbraut ST1	1,9%	1,0%	2,8%
Framhaldsskólabraut	0,5%	0,0%	0,9%
Raunvísindabraut 2015 RAU15	0,5%	0,0%	0,9%
Tölvupjónustubraut TPB	0,5%	0,0%	0,9%

3. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 89 á vorönn, þar af 72 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar, 2 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Starfsmenn á haustönn voru 99, þar af 76 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar, 6 stundakennara en aðrir starfsmenn voru 17. Ræsting er samkvæmt útboði.

Kynjahlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks var herra en karlar voru fleiri í hópi stundakennara.

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans

<http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skipurrit>.

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti miðað við haustönn 2017.

Haustönn 2017

Meðalaldur kennara	51,1 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	50,36 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	12,4 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	16,13 ár
Viðbótarorlof samtals	1665,6 klst.
Aldurafsláttur samtals	2678 klst.
Heildarkennslumagn á önn	51788,5 klst.
Heildarkennslumagn á viku	2877 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1002,8 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	2145 klst.

4. Fjármál og rekstur

Það er stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og það hefur gengið eftir til þessa. Niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað á búnaðarkaupum og endurnýjun búnaðar því nokkuð setið á hakanum. Afgangur af fjárveitingum hefur verið nýttur í endurnýjun. Á haustönn var endurnýjuð borð og stólar í tveimur stofum, einnig var endurnýjaður tölvubúnaður í vélstjórnarstofu.

Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast.

5. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Jafnframt hittast stjórnendur þessara skóla reglulega og bera saman bækur sínar. Einnig er samstarf starfsnámskóla gott og stjórnendur þeirra funda reglulega og bera saman bækur sínar.

Gott samstarf er við Flensborgarskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ og stjórnendur þessara skóla hafa hist reglulega.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja á gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum allra grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í kjarnagreinum, skipt eftir skólum, eins og áður hefur verið gert.

Fundað var með stjórnendum og námsráðgjöfum grunnskólanna þar sem rætt var um breytingar vegna nýs einkunnakerfis grunnskólanna og þær breytingar sem það hafði á röðun í áfanga við innritun nýnema. Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel.

6. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Á haustönninni var kosin ný stjórn í foreldrafélagi skólans og hefur sú stjórn verið mjög virk og lofar það góðu fyrir framhaldið.

Síðastliðið vor var boðið uppá nýjung í samstarfi við vinnuskóla Reykjanesbæjar og Sandgerðisbæjar. Þá voru sett upp námskeið í fimm verklegum fögum og nemendum vinnuskólans (sem voru úr 9. bekkjum grunnskóla) gafst þannig kostur á að kynnst vinnu á verkstæðum skólans í fjórum af þessum fimm greinum. Þetta gekk mjög vel og vonandi er hægt að hafa framhald á þessu. Það voru fyrirtæki á svæðinu sem komu til móts við þetta verkefni og styrktu það.

Kynningarfundur var haldinn síðastliðið vor eins og áður með nemendum tíunda bekkja og foreldrum hér í skólanum í tengslum við forinnritun. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann, námsframboðið og aðstöðuna sem í boði er.

Skólinn er aðili að og á fulltrúa í vinnuhópi um heilsueflandi samfélag í Reykjanesbæ en skólinn er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Viðauki 1.

Rekstraryfirlit v/ársskýrslu FS		2017	2016	2015	2014	2013
Heiti	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
Dagvinna	588.907.435	553.337.682	500.605.189	405.403.146	398.144.800	
Vaktaálag	0	0	0	0	0	
Aukagreiðslur	12.242.116	4.929.578	8.011.856	8.914.798	1.766.039	
Yfirvinna	216.232.399	196.055.741	161.080.376	120.878.399	104.234.678	
Launatengd gjöld	188.828.172	176.805.344	160.469.173	127.867.528	119.883.376	
	1.006.210.122	931.128.345	830.166.594	663.063.871	624.028.893	
Fundir, námskeið og risna	2.029.385	2.854.608	2.117.431	2.606.772	3.155.584	
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	432.535	152.850	137.600	307.870	1.212.700	
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	788.710	363.374	971.330	453.650	5.767.260	
Akstur	3.217.542	3.190.638	2.983.452	2.926.716	3.221.618	
	6.468.172	6.561.470	6.209.813	6.295.008	13.357.162	
Tímarit, blöð og bækur	990.392	1.151.633	770.794	1.018.601	779.756	
Skrifstofuvörur og áhöld	7.762.554	8.744.365	6.825.825	6.635.551	5.342.295	
Aðrar vörur	33.779.124	28.927.055	26.590.266	20.662.876	17.393.085	
	42.532.070	38.823.053	34.186.885	28.317.028	23.515.136	
Önnur sérfræðipjónusta	15.750.446	11.487.855	9.063.284	7.349.430	9.175.441	
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	2.735.482	2.700.814	2.437.753	2.410.187	2.001.307	
Prentun,póstur, augl., flutningar	2.564.591	2.567.201	1.757.605	1.932.338	2.310.242	
Sími og ýmis leigugjöld	3.229.769	3.051.236	3.879.730	3.475.278	4.608.046	
	24.280.288	19.807.106	17.138.372	15.167.233	18.095.036	
Verkkaup og byggingavörur	7.473.714	1.211.114	841.361	2.412.128	512.226	
Rafmagn og heitt vatn	14.720.725	12.780.884	15.448.760	12.558.033	13.510.631	
Húsaleiga og aðk. ræsting	113.212.996	107.585.632	102.992.748	101.017.094	96.558.047	
	135.407.435	121.577.630	119.282.869	115.987.255	110.580.904	
Brennslufni og olíur	54.184	117.026	83.468	16.199	16.053	
Verkstæði og varahlutir	125.822	0	158.504	117.023	278.044	
	180.006	117.026	241.972	133.222	294.097	
Vextir, bætur, skattar	164.825	281.157	362.019	398.598	585.164	
Eignakaup	18.020.610	12.216.675	23.315.697	29.164.259	5.412.630	
Tilfærslur	273.140	270.000	574.600	920.000	231.013	
	18.458.575	12.767.832	24.252.316	30.482.857	6.228.807	
	1.233.536.668	1.130.782.462	1.031.478.821	859.446.474	796.100.035	
Sértekjur	-71.930.216	-38.914.173	-27.259.805	-27.761.445	-34.950.680	
	-71.930.216	-38.914.173	-27.259.805	-27.761.445	-34.950.680	
Aðrar rekstrartekjur	-12.057.000	-13.913.000	-12.687.000	-13.017.745	-13.173.348	
	-12.057.000	-13.913.000	-12.687.000	-13.017.745	-13.173.348	
Framlag ríkissjóðs	-1.188.280.600	-	-1.007.627.220	-	-	
	-1.188.280.600	1.091.450.523	-1.007.627.220	793.169.652	768.951.972	
	-1.272.267.816	1.091.450.523	-1.047.574.025	793.169.652	768.951.972	
	-1.272.267.816	1.144.277.696	-1.047.574.025	833.948.842	817.076.000	
Gjöld ekki tiltekin	25.285.784	0	0	0	0	
	25.285.784	0	0	0	0	
	-38.731.148	0	0	0	0	
	-13.445.364	-13.495.234	-16.095.204	25.497.632	-20.975.965	